

Erindisbréf fyrir hreppsráð Vopnafjarðarhrepps

1. gr.

Hlutverk hreppsráðs.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur eftirlit með stjórnslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að starfsáætlun og fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn. Þá sér hreppsráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Hreppsráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála, markaðs- og kynningamál og húsnæðismál.

Hreppsráð hefur umsjón og eftirlit með stjórnslu sveitarfélagsins, málefni er varða upplýsingarétt skv. upplýsingalögum nr. 140/2012 og málefni sem falla undir stjórnir byggðasamlaga eða annarra fyrirtækja sem sveitarfélagið á aðild að. Fundargerðir þeirra skulu lagðar fyrir hreppsráð

Hreppsráð, í umboði sveitarstjórnar, semur kjörskrá vegna almennra kosninga, fjallar um athugasemdir, gerir nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurðar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma fram að kjördegi.

Hreppsráð starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps.

Hreppsráði er heimilt að veita styrki til verkefna sem samræmast stefnumótun sveitarstjórnar og fjárhagsáætlun.

2. gr.

Verkefni.

Helstu verkefni hreppsráðs eru:

- að vera fjármála- og framkvæmdastjórn sveitarfélagsins í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög um tekjustofna sveitarfélaga en í því felst m.a. að gera tillögu að fjárhagsáætlun og leggja ársreikning fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu,
- að gera tillögu til sveitarstjórnar um stefnumótun og áætlanagerð á verkefnasviði sínu ásamt því að hafa eftirlit með að stefnu sveitarstjórnar á hverjum tíma sé fylgt,
- að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna á verkefnasviði ráðsins og fylgjast með að þær veiti góða þjónustu og vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og ákvarðanir sveitarstjórnar,
- að fjalla um málefni fyrirtækja og félaga sem sveitarfélagið á eignarhlut í og gera tillögu um ráðstöfun eigna sveitarfélagsins,
- að vinna, skv. 13. gr. laga nr. 151/2020, áætlun fyrir sveitarfélagið um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun,
- að sinna markaðs og kynningarmálum sveitarfélagsins,
- að fjalla um málefni og hagsmuni sem snúa að innflytjendum og fólki með erlendan bakgrunn í sveitarfélaginu,
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal íbúa auk þess að fjalla um ábendingar og athugasemdir sem berast vegna þjónustunnar,
- að fara yfir tillögu stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að rekstri og framkvæmdum kemur,
- að gera tillögu til sveitarstjórnar um reglur, gjaldskrár, leigu og afnot af mannvirkjum er heyra undir starfsemi ráðsins,
- að vera sveitarstjórn til ráðuneytis um framkvæmdir og byggingu mannvirkja,
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis varðandi fjármál og rekstur sveitarfélagsins og jafnréttismál.

3. gr.

Skipan hreppsráðs.

Hreppsráð er skipað þremur aðalmönnum og jafnmörgum til vara, kosnum af sveitarstjórn til eins árs í senn. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í hreppsráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalmanna í sveitarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni hreppsráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann hreppsráðs úr hópi kjörinna hreppsráðsmanna. Formaður ákveður dagskrá fundar ráðsins í samstarfi við sveitarstjóra.

Framboð sem hefur fulltrúa í sveitarstjórn og á ekki kjörinn fulltrúa í hreppsráði skal hafa einn áheyrnarfulltrúa í hreppsráði og annan til vara til þátttöku í fundum ráðsins. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í hreppsráð.

4. gr.

Fundarboðun og málsmeðferð.

Sveitarstjóri sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti fulltrúi í ráðinu ekki sótt fund skal hann tilkynna það sveitarstjóra og boða varamann á fund.

Málsmeðferð hreppsráðs skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnarsýslulaga, samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Vopnafjarðarhreppi og góða stjórnarsýsluvenju.

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

Fundir ráðsins skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í hreppsráði er almennt heimilt að nota fjárfundarbúnað í samræmi við reglur um framkvæmd fjárfunda sveitarstjórnar og ráða Vopnafjarðarhrepps.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til kynningar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skuli tekin fyrir sem sérstakur dagskrárlíður á fundi sveitarstjórnar. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði í samræmi við fundadagatal Vopnafjarðarhrepps, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðs eða aðalfulltrúi í hreppsráði óskar þess.

5. gr.

Fullnaðarákvarðanir.

Hreppsráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins eða stofnana þess, án staðfestingar sveitarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu, ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum og víki ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Hreppsráð úrskurðar um heimild til endurupptöku ákvörðunar sem hlýtur afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ef óskað er endurupptöku máls sem hreppsráð hefur afgreitt skal leggja það fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer hreppsráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Sveitarstjórn getur falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

6. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri situr fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt. Formaður hreppsráðs og sveitarstjóri ákveða með hliðsjón af dagskrá fundar hvort aðrir starfsmenn sveitarfélagsins sitji fund. Sveitarstjóri undirbýr fundi í samstarfi við formann og hefur yfirumsjón með að framkvæma ákvarðanir ráðsins eftir að sveitarstjórn hefur staðfest þær.

Sveitarstjóri sér um ritun fundargerða og frágang skjala eftir fundi.

7. gr.

Þagnarskylda og hæfi.

Fulltrúi í hreppsráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum hreppsráðs.

Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

8. gr.

Gildistaka

Erindisbréfið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 32. gr. samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps nr. 585/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps 22.september 2022.